

Starfsárið 2019-2020

16. mars 2019

## 2. Stjórnarfundur 2019

Mætt: Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Rúnar Þórir Ingólfsson, Rósanna Andrésdóttir, Sigurður Júlíus Guðmundsson, Bjarndís Helga Tómasdóttir, Sólveig Rós (fræðslustýra), Heiðrún Fivelstad (skrifstofustýra), Edda Sigurðardóttir (áheyrnarfulltrúi trúnaðarráðs) og Daníel E. Arnarsson (framkvæmdastjóri) sem ritar fundargerð.

Fundur settur: 13:38

### 1. Samþykkt síðustu fundargerðar

Formaður les fundargerðina. Samþykkt samhljóða.

### 2. Skipting embætta innan stjórnar

Stjórn fer hringinn og ræðir embætti stjórnarmanna.

Unnsteinn Jóhannsson hefur sýnt áhuga á varaformannsembættinu.

Rósanna sýnir áhuga á alþjóðaritaranum.

Rúnar hugsar sig um og sýnir áhuga á meðstjórnandaembættinu.

Sigurður Júlíus sýnir gjaldkeraembættinu áhuga.

Bjarndís sýnir ritaraembættinu áhuga.

Marion Lerner hefur áður óskað eftir því að vera meðstjórnandi.

Stjórn skiptir því þannig með sér embættum:

Unnsteinn Jóhannsson, varaformaður

Bjarndís Helga, ritari

Sigurður Júlíus, gjaldkeri

Rósanna Andrésdóttir, alþjóðafultrúi

Marion Lerner, meðstjórnandi

Rúnar Þórir, meðstjórnandi

### 3. Starfsreglur stjórnar

Stjórn fer yfir starfsreglur stjórnar frá því í fyrra og þær lagfærðar. Stjórn óskar eftir stuttu yfirliti verkefna skrifstofunnar helst vikulega. Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka lokayfirlestur á starfsreglum, deila með stjórn og klára.

### 4. Dagskrá starfsársins

Stjórn ákveður fundaplan sitt fram í ágúst.

Stjórn Samtakanna hefur hug á því að funda með stjórn Hinsegin daga vegna Reykjavík Pride.

## 5. Önnur mál

Sigurður Júlíus ber upp annað mál tengt föstum viðburðum Samtakanna '78.

Bjarndís Helga spyr stjórnina út í prótókolla og titla.

Rúnar Þórir ber upp annað mál varðandi mörk.

Fundi slitið: 14.59